

Mál nr. 302/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.

Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss í febrúar 2015.

Gögn.

Málskot, móttakið 19.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.10.2016.

Tölvupóstur V dags. 18.10.2016 ásamt tjónstilkynningu, lögregluskýrslu og myndum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að aka um þrengingu á götunni Árkvörn við Streng í Reykjavík þegar tjón varð á bifreið hennar. Þar hafði steinhellu verið komið fyrir á gangstétt hægra megin m.v. akstursstefnu M og skagaði horn hellunnar aðeins út á götu. M ók bifreið sinni utan í horn steinhellunnar.

Framkvæmdir voru á vettvangi á vegum X og höfðu ekki verið settar upp viðvörunarmerki vegna þeirra. V hefur fallist á að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu X en telur að M beri sjálf helming tjóns síns vegna þess að staðsetning steinhellunnar hafi verið greinileg og ef M hefði sýnt næga aðgát við aksturinn þá hefði tjónið ekki orðið. V vísar einnig til úrskurðar nefndarinnar í máli 7/2014.

M hefur krafist V um fullar bætur vegna tjóns á bifreið sinni og skv. framburði hennar í lögregluskýrslu sá hún ekki steinhelluna fyrr en horn hennar lenti á hjólbarða bifreiðarinnar þannig að það sprakk á þeim báðum og felgur skemmdust ásamt frekara tjóni.

Álit.

Þegar litið er til aðstæðna sem sýndar eru með myndum í lögregluskýrslu verður ekki annað séð en að sú steinhella sem skagaði lítillega út á akbraut hafi verið í sama lit og gangstéttin sem hún hvíldi á. Það gerir það að verkum að ökumenn eiga erfiðara með að greina hana. Þó M hefði mögulega getað ekið lengra til vinstri á akbrautinni þykir vera uppi nokkur vafi á því að hún hafi sýnt gáleysi með því að hafa ekið með þeim hætti sem hún lýsir í lögregluskýrslu. Hallann af sönnunarskorti um gáleysi M við aksturinn ber V f.h. X. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en aðstæður í máli þessu eru ekki sambærilegar aðstæðum í máli nefndarinnar nr. 7/2014.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.